

Hitt heimilið

Margir eyða lunganum úr deginum í vinnunni, við skrifborðið og fyrir framan tölvuna. *Sigríður Björg Tómasdóttir* leit í heimsókn á vinnustaði fjögurra einstaklinga sem fást við ólíka hluti og hafa allir skipulagt umhverfi sitt eftir sínu höfði.



HUGMYNDIR KVIKNA Í HEIMILISLEGU UMHVERFI „Við vildum gera húsnæði fyrirtækisins heimilislegt, þannig væri það ekki dæmigert skrifstofuhúsnæði. Við innréttuðum einnig mikið með notuðum húsgögnum, sem við fundum til dæmis í Góða hirðinum,“ segir Svanhildur Sigurðardóttir hjá Auði Capital. Svanhildur vann mikið með innanhússhönnuði fyrirtækisins, Hönnu Stínu. „Það er alveg magnað hvað fundir í litla fundarherberginu verða til dæmis öðruvísi en hefðbundnir fundir, það kvikna öðruvísi hugmyndir í svona heimilislegu umhverfi,“ segir Svanhildur, sem situr ásamt Guðlaugu Kristínu Pálsdóttur og Þórunnu Jónsdóttur í heimilislegu afdrepi fyrirtækisins. Til að undirstrika heimilislegan anda á skrifstofunni hefur myndum af börnum og barnabörnum starfsmanna fyrirtækisins verið komið fyrir í móttökunni, gestum og gangandi til ánægju.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



ENDURSPGLAR HUGANN „Ég veit hvar allt er hérna, en það gæti líklega enginn annar gert það,“ segir Goddur, próffessor við Lista-háskóla Íslands. „Ég hef sankað að mér bókum og þær eru hér í hillunni fyrir aftan mig, mér finnst gott að grípa í þær. Einnig til dæmis bækur um leturgerð, þó að ég noti netið líka. Umhverfi mitt endurspeglar algjörlega hvernig ég hugsa, og þannig er innihaldið í tölvunni minni einnig skipulagt. Enda held ég að enginn myndi rata hér eins og ég.“ Myndir prýða veggj vinnustofunnar og stytum héðan og þaðan er ráðað á hillu. „Þær hafa sumar bara endað þarna,“ segir Goddur, sem vinnur ekki alltaf á vinnustofunni sinni – en þó oftast.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





ÚTSÝNI YFIR ARNARHÓL „Það er frábært að fylgjast með mannlífinu á Arnarhóli,“ segir Regína Bjarnadóttir, hagfræðingur hjá Seðlabanka Íslands, sem getur ekki kvartað yfir útsýninu úr skrifstofunni sinni. „Áður sá ég yfir tónlistarhúsið og fylgdist með því í hruninu þegar framkvæmdir nær stöðvuðust. Nú horfi ég yfir hólinn og get vottað að hann er mikið notaður.“ Skrifstofa Regínu er snyrtileg og skipulögð, er það venjan? „Ég er skipulögð en yfirleitt þekja nú staflar af skjölum borðið,“ segir Regína, sem er að fara að vinna sér í vinnu við næstu peningamál Seðlabankans. „Gögnin sem ég vinn með eru flest í tölvunni,“ segir Regína, sem safnar aðallega í hillur hagfræðiritum, gömlum Peningamálum Seðlabankans og á vegg listaverkum dætranna. Á skrifstofunni er líka að finna minjagrip frá veru Regínu í Gvæjana. „Samuel Hinds, forsætisráðherra Gvæjana, gaf mér þennan platta þegar ég lauk störfum fyrir Sameinuðu þjóðirnar þar í landi.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



HELDUR UPP Á HANDBÆKUR „Þetta er gömul skrifstofa eins og sést,“ segir Eiríkur Blöndal, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna. „Hér eru margir munir sem fylgt hafa samtökunum um skeið, til dæmis brjóstmynd af Sigurði Sigurðarsyni, fyrrverandi búnaðarmálastjóra, og Sleipnisbikarinn sem veittur hefur verið fyrir besta íslenska kynbótahrossið síðan 1947. Þessir hlutir fara vel hér ásamt listaverkum dóttur minnar og ýmsu öðru. Gögnin sem ég nota eru nú aðallega í tölvunni, en ég vinn líka með málsskjöl og gögn sem ég raða í möppur og hef við hendina. Ég held líka upp á handbækur og er með talsvert af þeim,“ segir Eiríkur, sem kveðst ekki vera alveg jafn mikill snyrtipinni og myndin gefur til kynna, yfirleitt sé borðið hans þakið gögnum í litlum bunkum. „En ég finn alltaf það sem ég þarf.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI